

## Vegna tilkynningar um tillögu um staðfangabreytingu á sumabústaðarlóðum við norðanvert Hafravatn.

**Til** : Skipulagsmál Mosfellsbæjar <skipulag@mos.is>  
**Frá** : Björg Þórhallsdóttir <bjorgthorhalls@gmail.com>  
**CC** : hilmarorg@gmail.com <hilmarorg@gmail.com>  
**Heiti** : Vegna tilkynningar um tillögu um staðfangabreytingu á sumabústaðarlóðum við norðanvert Hafravatn.  
**Málsnúmer** : 202206160  
**Málsaðili** : Mosfellsbær  
**Skráð dags** : 19.01.2023 23:19:01  
**Höfundur** : Björg Þórhallsdóttir <bjorgthorhalls@gmail.com>

You don't often get email from bjorgthorhalls@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Sæll Kristinn

Við vísum í bréf þitt frá 21. desember sl., málsnr. 202206160/LG.

Við fögnum því að skipulagsnefnd vinni að réttum og viðeigandi skráningum til að auka frekar á öryggi okkar og aðgang að þjónustu hér við norðanvert Hafravatn.

Í tillögu ykkar er fyrirhugað að vegurinn inn í hverfið okkar hljóti nafnið Óskotsvegur og staðfang lóðar okkar nr. 125533 verði Óskotsvegur 2.

Við teljum mun eðlilegra og smekklegra að kenna húsin sem standa við veginn frekar við nærliggjandi kennileiti eins og Hafrafellið og Hafravatnið, sem er mest lýsandi fyrir staðsetninguna í okkar huga og þeirra sem til okkar sækja. Við höfum þegar stofnað hér íbúafélag sem við nefnum Hafrabyggð og er lýsandi fyrir byggðina okkar og svæðið. Við viljum því gera að tillögu okkar að vegurinn verði nefndur **Hafrabyggð**. Þessar lóðir tilheyrðu áður Úlfarsfelli en ekki Óskoti og því þykir okkur óeðlilegt að nefna veginn, og þar með lóðir okkar í höfuðið á þeim bæ. Fyrir utan það að okkur finnst nafnið ekki rísa hátt, heldur vísa á löngu gleymt „kot“ sem fáir, sem búa hér nú, tengja við. Við viljum ekki að þeim sem til okkar koma finnist að þeim sé „í kot vísað“ að heimsækja okkur „kotungana“! Orð í íslenskri málvitund sem tengd eru við kot hafa neikvæða og óvirðulega merkingu (sbr. ísl. orðabók).

Vegurinn í gegnum frístundabyggðina frá Hafravatnsvegi að brúnni við útfall Hafravatns í Úlfarsá leggjum við til að verði nefndur Hafrabyggð. Að ósekju mætti að okkar mati nafnið Óskotsvegur taka við sunnan brúarinnar ef eigendur lóða þar óska þess.

Staðfang lóðar okkar yrði þá Hafrabyggð 2 og yrðum við afar sátt með það.

Virðingarfyllst,  
Björg Þórhallsdóttir og  
Hilmar Örn Agnarsson  
Eigendur lóðar nr.125533

*Björg Þórhallsdóttir*  
*Box 293, 270 Mosfellsbær*  
*S/TEL +354 898 4016*  
*netfang/email: [bjorgthorhalls@gmail.com](mailto:bjorgthorhalls@gmail.com)*